



Um Þorpið

- ◆ Höfundur Jón úr Vör 1917 – 1999.
- ◆ Sögusviðið er Patreksfjörður, æskustöðvar höfundar.
- ◆ Sögutími er æskuár höfundar fram undir kreppu.



Form og efni

- ◆ Ljóðin eru um 20. Þau eru dæmigerð fríljóð: órímuð og óbundin að mestu.
- ◆ Ljóðaflokkurinn bregður upp myndum úr sögu sjávarþorps á ljósu og einföldu máli.



Hvernig bókmennir?

- ◆ Sumir telja Þorpið raunsæisverk þrátt fyrir nútímalegan stíl þess:
- ◆ Þekktur bókmenntamaður telur Þorpið raunsæilegastu ljóðabók íslenska fyrr og síðar.



Hvernig bókmenntir?

- ◆ Aðrir telja Þorpið rómantískt:
- ◆ Þekktur bókmenntamaður segir að þrátt fyrir ápreifanlega raunsæjar myndir, þrátt fyrir afhjúpun fátæktarinnar í þessu þorpi, verði ljóðin ekki með réttu talin raunsæis-kveðskapur. Að viðhorfi skáldsins og formi ljóðanna séu kvæðin rómantísk en ekki raunsæ.



Þema kvæðisins

- ◆ Vanmáttur mannsins í lífi og dauða getur verið þema alls ljóðaflokksins - eins konar stef með ýmsum tilbrigðum.



Máleinkenni

- ◆ Ljóðin líkjast oft örstuttum sögum en hið knappa form, myndnotkun og uppsetning með mislöngum ljóðlínunum og erindaskilum greinir þau frá sögum og það síðastnefnda skilur ljóðin í *Þorpinu* frá eiginlegum prósaljóðum. Rím- og bragleysi er algjört og ljóðstafasetning er af skornum skammti.



Myndmál

- ◆ Beinar ljóðmyndir, sem vísa til sjónskynjunar lesandans, eru algengastar og myndmálið er einfalt og sjónrænt og líkingarnar fáar en oft skáldlegar. Hófstillt orðalag og kyrrlátt yfirbragð einkennir ljóðasafnið.



Falleg myndhverfing!

- ◆ Ofan af hvalbak teygir kabysurörið sívalan, vöðvalausan handlegg, styður rauðum hnefa á myrkur gólfsins.



Andi ljóðanna

- ◆ *Þorpið* er heilsteypt verk - myndir úr lífsbaráttu fátæklinga. Sá sem dregur upp þessar hversdagsmyndir þekkir myndsviðið einkar vel, hefur sjálfur lifað þar og hrærst og deilt kjörum fólksins - þekkir skin og skúrir þorpsins. Þar er slegið á flesta strengi mannglegra tilfinninga og strengur samúðar og skilnings á bágunum kjörum almúgafólks hljómar skærast.



Viðtökur

- ◆ Á útgáfuári 1946 seldust 10 eintök.
- ◆ Þorpið þótti fremur sögur en ljóð.
- ◆ Yrkisefnið þótti óskáldlegt.
- ◆ Þorpið er í dag sú ljóðabók sem oftast er gefin út og aflaði höfundu almennrar viðurkenningar.

Þorpið eftir Jón úr Vör

Til baka